

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 89/2008**

**frá 4. júlí 2008**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XIX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2008 frá 6. júní 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/63/EB frá 20. desember 2007 um breytingu á ákvörðunum 2002/231/EB, 2002/255/EB, 2002/272/EB, 2002/371/EB, 2003/200/EB og 2003/287/EB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir tiltekna vörur <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

XX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 2g (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/231/EB), lið 2j (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/255/EB), lið 2k (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/272/EB) og lið 2f (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/371/EB):

„– **32008 D 0063:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/63/EB frá 20. desember 2007 (Stjtið. ESB L 16, 19.1.2008, bls. 26).“

2. Eftirfarandi bætist við í lið 2e (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/200/EB) og lið 2m (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/287/EB):

„eins og henni var breytt með:

– **32008 D 0063:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/63/EB frá 20. desember 2007 (Stjtið. ESB L 16, 19.1.2008, bls. 26).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2008/63/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 257, 25.9.2008, bls. 37, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 58, 25.9.2008, bls. 19.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 16, 19.1.2008, bls. 26.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. júlí 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.